

24. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 5.12. 2023, kl. 13:30

Mætt til fundar: Halla Auðunardóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Kjartan Benediktsson, Lárus Heiðarsson oddviti og Helgi Gíslason sveitarstjóri. 1. varamaður Urður Gunnarsdóttir var fjarverandi og 2. varamaður Guðni Jónsson mætti í stað Önnu Jónu Árnarsdóttur sem boðaði forföll. Mættur undir 1. Lið Ingvar Rafn Stefánsson verkefnastjóri hjá endurskoðunarfyrtæki sveitarfélagsins.

Dagskrá:

1. Síðari umræða, fjárhagsáætlunar 2024 og þriggja ára áætlun
2. Viðaukar
3. Gjaldskrár og samþykktir
4. Íbúafundur um fjármál og byggðakjarna
5. Skipan nefndar til gerðar búfjarsamþykktar
6. Bókun um landbúnaðarmál
7. Tilnefning í svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs
8. Ný krafa um þjóðlendur í Fljótsdal
9. Síðari umræða um hvort hefja eigi sameiningarviðræður sbr. 4.gr. sveitarstjórnarlaga
10. Erindi Upphéraðsklasa um vefinn hengifoss.is
11. Fundargerðir:
 - a. Byggingar-og skipulagsnefndar 17.11.2023
 - b. 11. Verkfundur Hengifosshúss 13.11.2023
 - c. Umhverfis og loftslagsnefnd 27.11.2023 (áætlun um endurskoðaða loftslagstefnu)
 - d. 1. Fundur um samráð austfirðinga í úrgangsmálum
 - e. Almannaþingarnefnd 16.11.2023
 - f. Samtök orkusveitarfélaga 22.11.2023
 - g. Aðalfundargerð HAUST 7.11.2023
 - h. Sambands íslenskra sveitarfélaga 12.11.2023
 - i. Sambands íslenskra sveitarfélaga 24.11.2023
12. Skýrsla sveitarstjóra
13. Önnur mál

1. Síðari umræða, fjárhagsáætlunar 2024 og þriggja ára áætlun.

Ingvar Rafn fór yfir útkomuspá ársins 2023, fjárhagsáætlun ársins 2024 og þriggja ára áætlun árána 2025-2027. Ingvar Rafn fór yfir breytingar á fjárhagsáætlunar frá fyrri umræðu og frá vinnufundum sveitarstjórnar 15. nóvember sl. og 23. nóvember sl.

Áætluð afkoma skv. útkomuspá ársins 2023 er með afskriftum áætluð jákvæð (A og B hluti) 67,3 m.kr. Afskriftir eru áætlaðar 24,9 m.kr. Fjárfestingar eru áætlaðar nettó samtals 90 m.kr. vegna þjónustuhús við Hengifoss.

Áætluð afkoma ársins 2024 með afskriftum er áætluð jákvæð (A og B hluti) 56,4 m.kr. Afskriftir eru áætlaðar 25,0 m.kr. Fjárfestingar eru áætlaðar samtals 145 m.kr. og er þjónustuhús við Hengifoss þar á meðal, eignasala er áætluð fyrir 100 m.kr. og söluhagnaður fastafjármuna er áætlaður 31,3 m.kr.

Áætluð afkoma ársins 2025 með afskriftum er áætluð jákvæð (A og B hluti) 34,4 m.kr. Afskriftir áætlaðar 28,0 m.kr. Fjárfestingar áætlaðar að fjárhæð 30 m.kr.

Áætluð afkoma ársins 2026 með afskriftum er áætluð jákvæð (A og B hluti) 37,1 m.kr. Afskriftir áætlaðar 28,7 m.kr. Fjárfestingar áætlaðar að fjárhæð 30 m.kr.

Áætluð afkoma ársins 2027 með afskriftum er áætluð jákvæð (A og B hluti) 38,3 m.kr. Afskriftir áætlaðar 30,4 m.kr. Fjárfestingar áætlaðar að fjárhæð 30 m.kr. Handbært fé í lok tímabils er áætlað 324,1 m.kr.

Skuldaviðmið skv. reglugerð um fjárhagsleg viðmið fyrir samstæðureikning A og B hluta er 0% öll ár fjárhagsáætlunarinnar.

Að loknum umræðum var lögð fram eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórn samþykkir framlagða fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 við seinni umræðu, ásamt þriggja ára áætlun 2025 – 2027. Fyrri umræða um fjárhagsáætlun fór fram 7. nóvember sl. Samþykkt samhljóða.

2. Viðaukar

Sveitarstjórn leggur fram svohljóðandi viðauka nr. 1 við fjárhagsáætlun 2023:

Deild 3138 Þjónustuhús við Hengifoss (Eignasjóður): Tekjur lægri en það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, lækkun tekna samtals kr. 10.000.000.

Deild 3138 Þjónustuhús við Hengifoss (Eignasjóður): Gjöld innan við það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, lækkun gjalda samtals kr. 10.000.000.

Deild 32XX Fjárfestingar (Eignasjóður): Fjárfestingar innan þess sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, lækkun fjárfestinga samtals kr. 110.000.000. Skiptist það í lækkun á byggðakjarna um 40,0 m.kr., vegagerð í dölunum um 30,0 m.kr. og þjónustuhúsið við Hengifoss um 40,0 m.kr.

Deild 32XX Eignasala (Eignasjóður): Eignasala innan þess sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, lækkun eignasölu samtals kr. 100.000.000. Hækkun fastafjármuna kr. 68.710.000 og lækkun söluhagnaðar um kr. 31.290.000.

Breyting viðauka í reikningshaldi sveitarfélagsins er lækkun annarra tekna að fjárhæð kr. 41.290.000, lækkun rekstrarkostnaðar að fjárhæð kr. 10.000.000. Jafnframt lækkun fjárfestinga samtals kr. 110.000.000, lækkun eignasölu samtals kr. 100.000.000 og lækkun söluhagnaðar að fjárhæð kr. 31.290.000. Nettó breyting viðaukans er hækkun á handbæru fé að fjárhæð kr. 10.000.000.

3. Gjaldskrár og samþykktir

Sveitarstjórn samþykkir að útsvarsprósenta Fljótsdalshrepps verði 12,44%.

Sorpgjald verði kr. 21.000 á heimili með þjónustu og kr. 15.000 á sumarhús og heimili án ábúðar, það er án þjónustu, en aðgangur að gámasvæði fyrir neðan Végarð. Rotþróargjald verði kr. 22.000 á hverja rotþró minni en 6,0 rúmmetra og kr. 30.000 á hverja rotþró yfir 6,0 rúmmetra.

Álagningarprósentur fasteignaskatts verði 0,40% A flokkur, 1,32% B flokkur og 1,65% C flokkur.

Samþykkt að reglur um niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts verði óbreyttar 2024.

Álagningar- og innheimtureglur vegna fasteigna- og þjónustugjalda 2024. Samþykkt að afsláttur (skv. reglunum) til örorku-og ellilífeyrisþega sem rétt eiga á niðurfellingu fasteignaskatts á samþykktu íbúðarhúsnæði sem viðkomandi býr í verði kr. 84.000. Samþykkt að tekjumörk einstaklinga verði kr. 4.800.000 og hjóna og samskattaðs sambýlisfólk verði kr. 6.600.000. Fullur afsláttur er veittur upp að þeim tekjumörkum.

Samþykkt að námsstyrkir til framhaldsskólanema 16-25 ára verði áfram veittir á árinu 2024 og verði kr. 140.000,- per önn.

Samþykkt að menntastyrkir verði veittir 2024 og verði kr. 250.000.

Samþykkt að frístundastyrkir fyrir hvern einstakling á aldrinum 6-18 ára verði kr. 50.000 á árinu 2024.

Samþykkt að reglur um sauðfjárvótakaup verði 50% af kaupverði kvóta.

Samþykkt að styrkja á árinu 2024 sauðfjərbændur í Fljótsdal, sem láta bólusetja við garnaveiki allt að 80 lömb á hvert lögbýli.

Samþykkt að verktakataxti fyrir grenjaleit verði kr. 7.000 á tímann.

Foreldragreiðsla og greiðsla vegna vistunar barns hjá dagforeldri er að hámarki kr. 40.000 á mánuði fyrir hvert barn á árinu 2024.

Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning hjá Fljótsdalshreppi. Samþykktar óbreyttar.

Samþykkt að launakjör sveitastjórnar og nefnda taki breytingum sem nemur launavísitölu frá desember 2022 til desember 2023.

Samþykkt að reglur um umhverfisstyrki 2024 verði óbreyttir frá 2023.

Gjaldskrár samþykktar af sveitarstjórn. Ingvar Rafn yfirgaf fundinn kl: 14:50.

4. Íbúafundur um fjármál og byggðakjarna

Sveitarstjórn felur Byggingar- og skipulagsnefnd að svara þeim spurningum sem komu fram í fundargerð eftir íbúarfund 25. Nóvember.

5. Skipan nefndar til gerðar búfjársamþykkar

Sveitarstjóra falið að koma með tillögu að 3ja manna nefndarskipan.

6. Bókun um landbúnaðarmál

Sveitarstjórn fagnar stuðningi ríkisins við bændur sem eiga í fjárhagserfiðleikum vegna núverandi efnahagsástands. Einnig er brýnt að það verði unnið að aðgerðum sem miða að því að styrkja stöðu landbúnaðar til framtíðar.

7. Tilnefning í svæðisráð Vatnajökulspjóðgarðs

Helgi vék af fundi. Sveitarstjórn samþykkir að Urður Gunnarsson verði aðalmaður og Kjartan Benediktsson til vara. Helgi kom aftur til fundar.

8. Ný krafa um þjóðlendur í Fljótsdal

Erindið kynnt og hefur verið sent til ábúenda og landeigenda á viðkomandi jörðum.

9. Síðari umræða um hvort hefja eigi sameiningarviðræður sbr. 4.gr. sveitarstjórnarlaga

„Álit um stöðu Fljótsdalshrepps sbr. b. lið 2. mgr. 4. gr. a. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og umsögn innviðaráðuneytisins sbr. 4. mgr. 4. gr. a. sömu laga voru birtar á vef Fljótsdalshrepps þann 13. október 2023 til kynningar fyrir íbúa sveitarfélagsins, jafnframt sem tilgreind gögn voru send á öll heimili í því. Fyrri umræða í samræmi við 2. ml. 4. mgr. 4. gr. a. sveitarstjórnarlaga fór fram á fundi sveitarstjórnar þann 7. nóvember sl. og var málinu þá vísað til síðari umræðu. Síðari umræða fór fram í dag og varð einróma ákvörðun sveitarstjórnar að leita ekki eftir því við annað eða önnur sveitarfélög að hefja viðræður um sameiningu Fljótsdalshrepps á grundvelli 119. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvörðun sveitarstjórnar verður birt á heimasíðu sveitarfélagsins ásamt upplýsingum um efni 5. mgr. 4. gr. a. sveitarstjórnarlaga.

Í umsögn innviðaráðuneytis um lögbundna starfsemi í sveitarfélaginu kemst það helst að þeirri merkilegu niðurstöðu að þá fyrst væri sveitarfélagið fjárhagslega sjálfbært ef það

sameinaðist öðrum. Niðurstaða sveitarstjórnar Fljótshrepps er að vísa umsögninni til efnislegrar meðferðar hjá þorablótsnefndinni.

Nýverið skrifaði innviðaráðuneytið frétt á heimasíðu Stjórnarráðsins um samantekt umsagna lögbundinnar þjónustu fámennra sveitarfélaga. Þar gerir ráðuneytið að höfuðmáli skoðun sína á að íbúar í fámennustu sveitarfélögunum geti tæpast fjölgað sér á „náttúrulegan hátt“. Ekkert í sveitarstjórnarlögum fjallar um hlutverk sveitarfélaga í þá veru að fjölga íbúum á „náttúrulegan hátt“. Því verður ekki annað séð en að hér sé aðeins um að ræða sérstakan áhuga innviðaráðuneytisins á kynlífi Fljótshrepps.

Sveitarstjórn Fljótshrepps gleðst yfir þessu áhugamáli ráðuneytisins og er afar áhugasöm um áframhaldið.

10. Erindi Upphéraðsklassa um vefinn hengifoss.is

Sveitarstjórn samþykkir að leggja til kr. 550.000 til yfirfærslu á vefnum hengifoss.is yfir á visitausturland.is Austurbrú heldur utanum verkefnið.

11. Fundargerðir:

- a. Byggingar-og skipulagsnefndar 17.11.2023**
Kynnt
- b. 11. Verkfundur Hengifosshúss 13.11.2023**
Kynnt
- c. Umhverfis og loftslagsnefnd 27.11.2023 (áætlun um endurskoðaða loftslagstefnu)**
Kynnt og samþykkt að taka tilboði frá Agnesi Brá Birgisdóttur vegna vinnu við loftslagsstefnu sveitarfélagsins.
- d. 1. Fundur um samráð austfirðinga í úrgangsmálum**
Kynnt
- e. Almannavarnarnefnd 16.11.2023**
Kynnt
- f. Samtök orkusveitarfélaga 22.11.2023**
Kynnt
- g. Aðalfundargerð HAUST 7.11.2023**
Kynnt
- h. Sambands íslenskra sveitarfélaga 12.11.2023**
Kynnt
- i. Sambands íslenskra sveitarfélaga 24.11.2023**
Kynnt

12. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu málum sem eru á döfinni.

13. Önnur mál

Sagt frá fundi oddvita og sveitarstjóra með fulltrúum eigenda frístundabyggðar að Ytri Víðivöllum 1.

Sveitarstjóra falið að gera úttekt á vatnsveitumálum.

Halla og Kjartan véku af fundi. Samþykkt var að kosta malarslitlag í stað bundins slitlags á heimreið á Höllustöðum. Halla og Kjartan komu aftur til fundar.

Samþykkt breytt fyrirkomulag á fundartíma sveitarstjórnar. Næsti fundur sveitarstjórnar verður þriðjudaginn 9. Janúar kl: 9:00. Framvegis verða fundirnir fyrsta þriðjudag hvers mánaðar kl: 9:00.

Drög að hreindýraarði fyrir árið 2023 var kynnt. Samkvæmt reglugerð skulu drögin liggja frammi til skoðunar á skrifstofu sveitarfélagsins á tímabilinu 4.des til 15. Des 2023.

Fundið slitið kl: 18:00

Halla ritaði fundargerð í tölvu.

Guðni Jónsson

Halla Auðunardóttir

Jóhann F. Þórhallsson

Kjartan Benediktsson

Lárus Heiðarsson oddviti